

1996 nr. 14 11. mars**Lög um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu**

Tóku gildi 15. apríl 1996. EES-samningurinn: XIII. viðauki. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innviðaráðherra eða innviðaráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja gagnkvæman frjál-

an aðgang skipa, sem skráð eru í aðildarráttum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan EES.

■ 2. gr.

[Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr. laga þessara.²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 217. gr. ²⁾ Augl. 117/1997.

■ 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.